

## **Þjósárvirkjanir – vettvangsrannsóknir 1980**

**Davíð Egilsson**

**Greinargerð DE-80/02**

ÞJÓRSÁRVIRKJANIR - VETTvangSRANNSÓKNIR 1980

Framvinduskýrsla

Efni: Staða rannsókna 9. maí 1980.

Viðaukar: Stórisjór - Grófgreining á sýnum úr þremur holum á stíflu-  
stæðum í farvegi Tungnaár austan Snjóöldufjallgarðs.

EGV-80/01

Jarðfræði Búrfells - Sandafells. Handrit að skýrslu SPS  
(einungis afhent LV).

STADA RANNSÓKNA

1. Handrit að skýrslu Orkustofnunar: Búðarhálsvirkjun, rannsóknir 1979 er í yfirlestri hjá útgáfustjórn Orkustofnunar. Endanlegt handrit til yfirlestrar verður afhent Landsvirkjun 13. maí. Þess er vænst að Landsvirkjun geti lokið yfirlestri þann 16. maí svo hægt sé að senda skýrsluna í prentun.
2. Rannsóknum hefur seinkað um hálfan mánuð frá því sem verkáætlun frá 17. apríl gerir ráð fyrir. Stafar það af því að JBR voru ekki tilbúnar að hefja borun á tilsettum tíma. Þar að auki var vegagerð sem Landsvirkjun átti að sjá um ekki lokið þann 5. maí. ROD hefur átalið JBR fyrir seinagang enda höfðu JBR nægan tíma til undirbúnings.  
Fyrir liggur þó að flutningur á bortækjum að kampi munu hefjast mánudaginn 12. maí og er gert ráð fyrir að borun muni hefjast 14.-15. maí.  
Endurskoðuð verkáætlun verður lögð fram um leið og bortæki eru komin á staðinn, enda hefur reynslan sýnt að erfitt er að treysta á að komutími bortækja standist.